

Mótamálafundur, haustfundur FRÍ

haldinn á ÍSÍ laugardaginn 31. október

minnispunktur

Mættir voru eftirtaldir, en voru mislengi á fundinum: Súsanna Helgadóttir FH/unglinganefnd FRÍ, Lóa Björk Hallsdóttir FRÍ, Margrét Héðinsdóttir ÍR, Sigurður Pétur Sigmundsson FH/almenningshlaupanefnd, Guðmunda Ólafsdóttir HSK, Unnar Vilhjálmsson UFA, Þráinn Hafsteinsson ÍR, Þorsteinn Þorsteinsson tækninefnd FRÍ, Ólafur Guðmundsson Selfoss/mótanefnd FRÍ, Magnús Jakobsson Breiðablik, Unnur Sigurðardóttir Fjölnir, Eiríkur Mörk Valsson Breiðablik, Fríða Rún Þórðardóttir ÍR/unglinganefnd FRÍ, Stefán Þór Stefánsson ÍR, Hlynur C. Guðmundsson Afturelding, Erlingur Jóhannsson Ármann, Þuríður Ingvarsdóttir Selfoss, Einar Vilhjálmsson FRÍ og Sigurður Haraldsson FH/mannvirkjanefnd FRÍ, Árni Þorsteinsson FRÍ.

Dagskrá:

Fundur haldinn við skrifstofu FRÍ

Kl. 9: 00 Fundurinn settur

Einar Vilhjálmsson, formaður setur fund og biður Sigurð Haraldsson að rita minnispunkta um fundinn og Þorstein Þorsteinsson að stjórna fundinum. Einar ræddi tildrög fundarins og umræðuefni.

Kl 9:10 Bikarkeppni FRÍ - framtíð keppinnar.

Magnús Jakobsson hafði framsögu um þennan dagskrárlið. Magnús fór yfir stofnun Bikarkeppni FRÍ árið 1966, en Þórður B Sigurðsson KR var upphafsmaðurinn að stofnun hennar. Flest voru liðin 17 þegar bikarkeppnin var, 1. deild, 2. deild og 3. deild. Frá því að mótið var sett af stað hefur það alltaf stækkað í meðförum þinga hverju sinni. Bikarkeppnin hefur breytst frá 1998 á þingum (*Samþykkt 1998. Breytt 2000, 2004, 2008, 2010.*)

Mótið hefur með sífelld meira umfangi, einnig önnur deildin, haft þau áhrif að liðum hefur fækkað.

Samhliða bikarkeppni í karla og kvennaflokki hefur verið keppt í Bikarkeppni 16 ára og yngri fyrst og síðar Bikarkeppni 15 ára og yngri og það mót hefur orðið stærra með hverju árinu. Magnús ræddi tillögu FH-inga á síðasta Frjálsíþróttabingi, það er að rótera greinum í stökkum, hlaupum og köstum milli ára. Einnig kæmi til greina að setja mótið í bið eða minnka umfang þess.

Ákveðið var að fá skoðun fundarmanna á Bikarkeppni FRÍ utanhúss.

Þráinn: Ræddi hvað væri best fyrir frjálsíþróttir á Íslandi, hvort það væri í lagi að þetta mót hyrfi – eða fá nýja sýn á Bikarinn og einnig ræddi hann önnur verkefni sem kæmu til greina.

Unnar: Ræddi um þriðju deildina fyrr á tímum, það mót var eins dags mót og allir höfðu möguleika að taka þátt, síðan stækkaði 2. deildin og þeir sem komu uppúr 3. deild höfðu ekki mannskap í 2. deildina. Stóri feillinn var að stækka deildarmótin allt of mikið. Áður fyrr var hægt að fara í þriðju deildina á einum bíl. Síðar var ekki hvati fyrri minni félögin að taka þátt í alltof stóru móti.

Guðmunda: Ljóst er að annaðhvort þarf að minnka mótið eða hætta því!

Margrét: Mikilvægt að hugsa um framtíð frjálsíþróttar. Fækkun liða átti kannski rót í því að iðkendur var að fækka. Skoða má einnig mótariðina – en þetta árið var engin stemming fyrir mótariðinni, enda hafði ekki verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem félögin höfðu gert eftir fyrsta árið.

Eiríkur: Hefðin hefur ekki verið með Bikarkeppninni síðustu ár, mótið of stórt og margir keppendur þekkja mótið ekki. Keppnin eins og hún hefur verið síðustu ár ekki mótinu til framdráttar. Bæta þarf mótahaldið vegna mótaraðarinnar og fá keppendur á mótin.

Súsanna: Miður ef Bikarkeppnin dettur út úr mótahaldi. Skoða mætti hvort horfa megi til Bikarkeppni 15 ára og yngri m.t.t. fjölda greina, einnig hvort horfa eigi til afreksstiga í stigagjöf. Ekki hafa of mikla heimild til að sameina lið í Bikarnum. Umfjöllun um Bikarinn var mikill síðasta haust, af því að hann féll niður, jafnvel meiri en síðustu ár! Varðandi Mótariðina þá var eitthvað áhugaleysi hjá FRÍ vegna mótanna. Stigaútreikningar vegna mótaraðar er ekki á heimasíðu FRÍ – það er hver vann einstaka flokka/greinar, verðlaun hafa ekki verið afhent – hvaða verðlaun? Áður en mótariðin fer af stað þarf að liggja fyrir hvaða verðlaun verða og hvaða greinar verða á einstökum mótum innan mótaraðarinnar. FH mótið næsta vor á það að fara fram, verður mótariðin áfram?

Sigurður: Er ekki sama ef Bikarinn fer út úr mótahaldi, horfa þyrfti til hugmynda FH-inga frá síðasta Frjálsíþróttapeingi m.t.t. greina og róteringa, til að mótið geti átt einhverja framtíð.

Unnur: Er ný í þessari umræðu, en Bikarkeppni eins og hún er núna er ekki möguleg.

Magnús: Afhverju fækkaði liðum, kannski vegna fækkunar iðkenda um allt land. Spurning um að rótera greinum milli ára 2 stökk / 2 köst, fastar hlaupagreinar - en fækka þeim.

Ólafur: Af hverju HSK/Selfoss tók ekki þátt – það var ekki vegna áhugaleysis heldur var fækkun iðkenda í elsta aldursflokki – iðkendur fóru annað. Minnka þarf umfang – eða jafnvel annað form. Mótariðin, það hefur fjarað undan henni. Hægt er að gera mótariðina að góðu verkefni fyrir íþróttamennina.

Fríða Rún: Fækka má greinum í Bikar núna, má síðar bæta við aftur ef krafa kemur um það. Vegna mótaraðar er litlu við að bæta – frá því sem þegar hefur komið. Gera þarf mótariðinni betri skil t.d. á heimasíðu FRÍ.

Stefán Þór: Fór yfir breyttar forsendur og þróun á meðalaldri í frjálsíþróttum. Meðalaldur topp-íþróttamanna okkar hefur verið að lækka. Í dag er meðalaldur þeirra 23 ára, en meðalaldur einstaklinga sem eiga Íslandsmet er 26-28 ára eftir greinum. Erum við að missa of marga íþróttamenn of snemma. Spurning hvort gera megi random lið íþróttamanna í Bikar.

Hlynur: Bikarkeppnin í dag er ekki fyrir litlu félögin, verið var að pressa á of unga keppendur lítilla liða til að taka þátt í greinum – Afturelding hætti þess vegna. Lægri deildir - færri greinar.

Þorsteinn: Fór almennt yfir umræðuna.

2. umræða

Unnar: Ræddi samstarf Norðurlands og hvernig samstarfið hófs. Síðustu tvö ár voru nær eingöngu íþróttamenn frá UFA og UMSS. Fleiri lið taka þátt í yngri bikarkeppninni og m.a. fleiri lið frá einstökum félögum. Eins og þetta stefnir í að aðeins FH og ÍR geti tekið þátt ef ekki má sameina lið og mótið óbreytt.

Þráinn: Líst ekki vel á að draga í lið. Fór yfir að Landsmót fullorðinna og Bikar hafi almennt verið að minnka síðustu ár. Fleiri einstaklingar hafa farið til stærri félaga.

Magnús: Fór yfir samanburði á Landsmóti og Bikar – en bæði mót hafa minnkað á síðustu árum.

Einar: Grundvallarspurning hvort við viljum halda Bikarkeppni FRÍ 2016.

Sigurður: Bikar er á mótaskrá, þar til Frjálsíþróttapeing fellur mótið niður!

Erlingur: Ræddi um meistarmótið í Noregi sem er stærsta mótið þeirra – þriggja daga mót og flott og mikil umgjörð um það mót. Það þarf að laga og gera mótin stærri og meiri á Íslandi.

Margrét: Horfa þarf á þetta sem nýja byrjun.

Rætt um að mynda vinnuhóp um „Nýja“ Bikarkeppni. - Málinu vísað til stjórnar FRÍ.

Mótaröðin var síðan rædd, vítt og breytt. Niðurstaða þar var að færa mótaröðina inn á sumarið, ekki endilega tengja við „eldri“ mót félaga sem var gert upphaflega. Eins og staðan er núna er fjöldi móta áður en íþróttamenn eru almennt komnir mikið út að æfa. Félög mættu halda mót saman, sem er kostur fyrir öll félög. Rætt um að félögin sem taka þátt í mótaröðinni stofni hóp og fari yfir mótaröðina almennt, greinar, verðlaun, dagsetningar ofl.

Kl. nálægt 11:00 Mótaskrá

Farið yfir mótaskrá ársins 2016 - Ólafur Guðmundsson formaður mótanefndar FRÍ fór yfir drög að mótaskrá.

Rætt var um RIG leikana 23. og 24. janúar 2016; einnig aðrar greinar vegna Reykjavíkurlleika 30.-31. janúar í Frjálsíþróttahöllinni.

Rætt var um NM innanahúss og það þyrfti að setja sem fyrst lágmark á það mót gagnvart þeim keppendum sem eiga möguleika að taka þátt. Lágmark þyrftu að fara á heimasíðu FRÍ í öllum mótum, sem setja á lágmark sem fyrst.

Rætt var um NM 19 ára og yngri sem fer fram á Íslandi á næsta ári, það er hvort sú dagskrá sem er í drög að mótaskrá ætti að standa eða hvort flytja þyrfti það mót vegna KSÍ.

Ákveðið að hafa MÍ 15-22 ára í lok ágúst – það er 27.-28. ágúst.

Líklega verður MÍ 11-14 ára 25.-26. júní. Þá var rætt um MÍ 11-14 ára og komu tveir dagar til greina annarsvegar 30.-31. janúar eða 27. og 28. febrúar, í lok febrúar er vetrarfrí á nær öllu höfuðborgarsvæðinu og í Árborg. Samþykkt að Ólafur geri mótaskrá skv. umræðu á fundinum og sendi á stjórn FRÍ til samþykktar.

Matarhlé var rétt rúmlega 12:20-13.

Fundarstaður í húsi ÍSÍ á 3. hæð, salur D

Kl. 13:00 - Valkvætt samstarf skrifstofu FRÍ við mótshaldara um kynningar-og markaðsstarf til tekjuauka fyrir mótshaldara og skrifstofu FRÍ.

Einar Vilhjálmsson fór yfir möguleika fyrir félög og skrifstofu FRÍ til að ná fram meiri tekjum fyrir alla aðila.

Kl. 13:10 - Kynning á verkefnum erlendis á árinu 2016 og greining á líkindum fyrir þátttöku Íslendinga á þeim mótum.

Súsanna Helgadóttir og Fríða Rún Þórðardóttir fóru yfir þau verkefni sem eru á næsta ári fyrir landsliðsfólk og unglunga/afreksfólk.

Afreksmenn

NM Vaxjó í Svíþjóð í 13. og 14. febrúar 2016, Ísland og Danmörk stilla fram sameiginlegu liði. Keppnisgreinar Íslands ákveðnar í samráði við Dani. Forskráning er í greinar í desember. Stefnt er að

velja hóp eftir RIG leikana – Stjórn FRÍ og Afreksnefnd þurfa að setja lágmark. (Er komið á Heimasíðu FRÍ)

HM inni Portland OR USA 17.-20.mars – alþjóðlegu lágmarkin eru mjög ströng (sjá heimasíðu IAAF). Lokaskráning á mótið er 7. mars að miðnætti í Monaco.

NM í fjölþrautum , líklega verður valið eftir MÍ í fjölþrautum inn á það mót. Ekki liggur fyrir áætlaður fjöldi keppenda.

EM utanhúss – Amsterdam, Hollandi -6-10. júlí 2016. EAA lágmark hafa verið byrt á heimasíðu Evrópska Frjálsíþróttasambandsins. Í dag hafa Aníta, Arna Stefanía og Guðni Valur náð lágmarki á þetta mót.

Smáþjóðameistaramót Malta 11. júní: - FRÍ þarf að leggja línur hvernig verður valið á þetta mót.

ÓL – Ríó, Brasilíu -5-21. ágúst 2016. IOC lágmark. Erfið lágmark og staðan er þannig að Ásdís er búin að ná lágmarki, Aníta er alveg við lágmark. Á þetta mót verður kvóti í ýmsum greinum, ef lágmark nást ekki hjá þjóðunum.

Yngri íþróttamenn

EM 16-17 ára – Tbilisi, Georgíu - 14-17. júlí 2016. EAA lágmark. Íþróttamenn fæddir 1999-2000. Evrópska frjálsíþróttasambandið er búið að gefa út lágmark, lágmarkum þarf að ná 1/1 2015-xx júní 2016. Nýtt mót hjá Evrópska frjálsíþróttasambandinu. Nokkrir íþróttamenn eru búnir að ná lágmarki.

HM 19 ára og yngri – Kazan, Rússlandi -19-24. júlí 2016. IAAF lágmark. Íþróttamenn fæddir 1997-2000. Alþjóðlega frjálsíþróttasambandið er búið að gefa út lágmark, lágmarkum þarf að ná frá 1/10 2015 – 11/7 2016. (Eftir að þessi fundur fór fram er búið að „ákveða“ að mótið fari ekki fram í Kazan?)

Mannheim Galan – Mannheim, Þýskaland -25-26. júní 2016. (boðsmót f. 1997-1998 og f. 1999-2000 m/framúrskarandi árangur). Boðsmót 4 keppendur, ætlast til að þeir fari á þetta mót sem hafi náð lágmarki á EM 19 ára og yngri.

Norðurlandamót U20 ára – Reykjavík - 13-14. ágúst 2016? Stefnt á að velja 1 íslenskan keppanda í grein. Íþróttamenn fæddir 1997 og síðar.

Norðurlandamót 20-22 ára – Espoo, Finnlandi - 21-22. ágúst 2016. Val á íþróttamönnum. Íþróttamenn fæddir 1994-1996. Ekki liggja fyrir lágmark frá FRÍ og afreksnefnd, eða áætlaður fjöldi keppenda.

Fríða Rún fór yfir fund í unglingaráði með unglingaþjálfurum, ljóst er að skoða þarf næstu skref í unglingamálum m.t.t. þjálfara / verkefnisstjóra í þessum málaflökki.

Kl. 13:45 - Fundur um almennings-, götu-og víðvangshlaup

Á fundinn mættu aðilar frá almenningshlaupadeildum og aðilar sem koma að ýmsum störfum við götu- og víðvangshlauphlaup. M.a. þessir aðilar: Svava Oddný Ásgeirsdóttir, framkvæmdarstjóri RM, Agnar Jón Ágústsson, formaður Hlaupahóps Stjörunnar, Óskar Jakobsson, þjálfari Skokkhóps Vals, Anton Magnússon, þjálfari Skokkshóps Hauka, Steinunn Guðnadóttir frá Kaldárshlaupinu og einhver frá hlaupahópi Víkings. Krisján Ágústsson, mælingarmaður. Hafsteinn Óskarsson ÍR og fleiri.

Sigurður Pétur Sigmundsson formaður almenningshlaupanefndar FRÍ fór yfir sögu almenningshlaupa og hvernig hlaupin hafa þróast. Þá kynnti hann stjórnugjöf eða gæðaflokkun götuhlaupa og vottunarreglur EAA. Umræður voru um hvort hægt væri að minnka kröfur til hlaupa, sérstaklega fámennari hlaupa. Rætt var um afrekskráningu, en þá þurfa ýmis atriði að vera uppfyllt. Rætt var um

staðsetningu og umsóknir um að halda meistaramót og kröfur til meistaramóta og mótshaldara vegna þeirra hlaupa. Rætt var um greiðslu til FRÍ vegna iðkenda og í hvað sá peningur færi. Ítarlegra hér fyrir neðan úr minnisblaði frá SPS.

Undirritaður sótti fund Evrópska frjálsíþróttasambandsins (European Athletics) um framkvæmd götuhlaupa í París 4. og 5. feb. 2015. Efni fundarins var að kynna og fara yfir tillögur EA um nýtt og samræmt gæðakerfi (Safety and Quality standards) sem frjálsíþróttasamböndum gefst kostur á að innleiða í sínum löndum í samstarfi við EA. Gæðakerfinu er sérstaklega ætlað að taka á þáttum er varða öryggi þátttakenda í hlaupaviðburðum svo og gæðum framkvæmdarinnar. Gert er ráð fyrir því að flokka hlaupaviðburði í einnar stjörnu hlaup, þriggja eða fimm stjörnu hlaup, allt eftir því hversu mikið er lagt í framkvæmdina. Varðandi nánari útlistun á skilyrðunum er rétt að benda á samantekt European Athletics frá fundinum svo og drögin um fyrirkomulagið á gæðakerfinu.

1. Fram kom hjá forsvarsmönnum EA að sambandið hefur mikinn áhuga á að víkka út starfsemina. Frjálsíþróttir ættu ekki einungis að vera fyrir afreksfólk. Mikilvægt væri að ná einnig til þeirra sem eru með það markmið að hreyfa sig fyrst og fremst fyrir heilsuna. Markmiðið væri að sameina alla þá hreyfingu sem fella má undir frjálsíþróttir (athletics). Til að svo geti orðið þarf að kappkosta að veita góða þjónustu.

2. Breytingar hafa orðið undanfarin ár og áratugi í þörfum og kröfum. Fólk hefur mun meiri tíma til afþreyingar en áður. Vinnur minna og lifir lengur. EA byrjaði að vinna að þessum áherslubreytingum árið 2012. Mikilvægt að átta sig á því þegar kemur að fjöldahlaupum að fólk hefur mismunandi ástæður fyrir því að hlaupa. Það er líka tækifæri til að ná til þeirra sem hreyfa sig ekkert. Offita er stækkandi vandamál í heiminum (um 1/3 í yfirvikt). Allar þjóðir eru að leita lausna í þeim efnum.

3. Mikilvægt er að frjálsíþróttasambönd nái að halda utan um hlaupaviðburðina og geti þjónustað þá. Ná þarf góðri tengingu við hlauphaldara (félög og hópa) svo og hlauparana. Nýta þarf tækifæri til aukinnar samvinnu og sýna fram á að gott utanumhald og samræmt kerfi við framkvæmd hlaupaviðburða kemur öllum til góða. Hlauphaldarar þurfa að líta á það sem ávinning og viðurkenningu að vera hluti af slíku fyrirkomulagi. Það ætti að auðvelda þeim að fá fleiri þátttakendur að geta sýnt fram á staðfestingu frá frjálsíþróttasambandi um að framkvæmd hlaupsins væri samkvæmt stöðlum (standards) og eftirlit væri til staðar. Markmiðið með þessu kerfi er ekki að vera „lögregla“ heldur að hjálpa hlauphöldurum að gera hlaupin betri.

4. Framhaldið hjá EA: Ætlunin er að byrja á þessu ári að innleiða gæðakerfið í samvinnu við frjálsíþróttasamböndin. Gert er ráð fyrir því að hlauphaldarar sæki um hjá EA (sérstakakt eyðublað) sem síðan afgreiði umsóknina í samvinnu við viðkomandi frjálsíþróttasamband. Sum lönd eru þegar með gott utanumhald og hafa þróað sitt eigið kerfi og þá er þetta spurning hvernig best sé að samræma (integrate) það fyrirkomulag við gæðakerfi EA. Má þar nefna að breska frjálsíþróttasambandið tók upp kerfi sem byggir á leyfisveitingum (árlegt leyfisgjald greitt til sambandsins). Þannig eru 2.500 hlaupaviðburðir í Englandi og Wales sem hafa fengið leyfi og skuldbinda sig þar með til að framkvæma hlaupin samkvæmt umsömdum skilyrðum. Ég náði góðum kontakt við þá tvo fulltrúa sem Bretar áttu á fundinum og ætla þeir að veita okkur nánari upplýsingar um sitt fyrirkomulag.

5. Staðan á Íslandi og hvað þarf FRÍ að gera

a) Á ársþingi FRÍ 2012 voru samþykktar reglur um framkvæmd götuhlaupa. Þær þurfa hins vegar að vera sýnilegri á heimasíðu FRÍ og kynna þarf hlauphöldurum þær betur. Þessar reglur eru byggðar á reglum sem SPS þýddi úr reglum Alþjóðasambandsins (IAAF) og staðfærði fyrir 15-20 árum síðan og

hafa verið aðgengilegar á hlaup.is og hjá Reykjavíkumaraþoni. Í framhaldinu, þegar þar að kemur, þarf að kynna nýju reglurnar/gæðakerfið. Spurning að stefna að því fyrir 2016.

b) Vorið 2012 stóð FRÍ fyrir námskeiði í mælingu götuhlaupa og fékk til þess leiðbeinanda, Hugh Jones, erlendis frá. Fjórir einstaklingar sóttu námskeiðið og fengu réttindi til mælinga hlaupa. Í framhaldinu var það fyrirkomulag ákveðið að hlauphaldarar þyrftu að sækja um mælingar hjá skrifstofu FRÍ. Þetta var gott skref til að auka þjónustu FRÍ við hlauphaldara og hlaupara. Í hlaupaskrá hlaup.is má sjá að þau hlaup sem eru rauðmerkt hafa löggilda mælingu. Það hvetur aðra til að gera slíkt hið sama. Tryggja þarf að ávallt séu til staðar nægilega margir sem hafa mælingaréttindi.

c) EA leggur mikla áherslu á að viðkomandi frjálsíþróttasamband sé í stakk búið til að veita hlauphöldurum og hlaupurum þjónustu til að styrkja sína stöðu sem umsjónaraðili hlaupageirans. Þjónustan getur verið margþætt s.s. ut anumhald á framkvæmd hlaupaviðburða, hlaupadagskrá, afrekaskrá og fræðsla. FRÍ þarf að skilgreina og ákveða hvaða þjónustu það vill veita. Afrekaskrá FRÍ er sem dæmi fjársjóður sem má betrubæta og aðlaga fyrir hlaupageirann. Hlaupadagskráin hefur verið tekin saman af hlaup.is síðustu 10 árin eða svo, en FRÍ sá um það áður. Líklega ekki ástæða til að breyta því en hins vegar mætti auka samstarf FRÍ og hlaup.is um þetta verkefni. Í tengslum við þetta verkefni hefur hlaup.is veitt hlauphöldurum ýmsar upplýsingar og ráðgjöf í gegnum árin sem tekur tíma. Á hlaupaskrá hlaup.is eru núna 124 hlaupaviðburðir á árinu 2015 og þar af eru 30 með löglega mælingu. Rétt að taka fram að nákvæm mæling á ekki alltaf við eins og í utanvegahlaupum sem eru fjölmörg.

d) **Næsta skref** að mínu mati er að fá Reykjavíkumaraþon (RM) til að sækja um hjá EA og verða þar með fyrsti íslenski þátttakandinn í gæðakerfinu. Jafnframt þarf FRÍ að greina og ákveða hvaða þjónustu sambandið er tilbúið að veita hlauphöldurum og hlaupurum. Þetta þarf að liggja fyrir áður en til álita kemur að leyfisbinda hlaupin. Hlauphaldarar þurfa að vita hvað þeir fá til að vera reiðubúnir að greiða árlegt leyfisgjald.

KL. 14:15 - Verkferlar kærumála í götuhlaupum

Sigurður Haraldsson fór yfir kærumál frá því í sumar og hvernig laganefnd tók á því máli, þar sem um var að ræða brot sem snéri að keppnisreglum, þá getur laganefndin tekið á því máli. Ljóst er að margt má læra af þessu máli.

SH fór af fundi – ÞP bætti við athugunum varðandi það sem á eftir fór

Kl. 14:30 - FRÍ og hlaup utan valla

Þorsteinn Þorsteinsson formaður tækninefndar FRÍ fjallaði um aðkoma FRÍ og tækninefndarinnar að götuhlaupum 2013, 2014 og 2015. Mikil aukning hefur á síðustu árum orðið í að FRÍ fái einstök félög og jafnvel fyrirtæki til að annast framkvæmd meistaramóta í ýmsum utanvallahlaupum. Jafnframt því hefur stjórn FRÍ skipað yfirdómara á fleiri af þessum hlaupum á síðustu árum, sem hefur með því fjölgað verkefnum tækninefndarmanna, en þeir eru skipaðir í stöðu yfirdómara á mótum á vegum FRÍ. Sem dæmi má nefna að í fyrsta sinn var skipaður yfirdómari á þann hluta Reykjavíkumaraþons er snéri að keppni um Íslandsmeistaritíls í heilu maraþoni. Þorsteinn nefndi að með auknum áhuga alþjóðafrjálsíþróttasambandsins á götu- og víðavangshlaupum, sem m.a. kemur fram í gæðastaðli, sem sambandið gaf út fyrir u.þ.b. einu ári og Sigurður Pétur lýsti fyrr á þessum fundi.

Almenn umræða um götuhlaup og tóku margir þátt í umræðunni. Almennur vilji fyrir áframhaldandi skoðanaskiptum milli áhugafólks í almenningshlaupum og FRÍ þar sem skráning árangurs í bókum FRÍ er mörgum mikilvægur. Enn er þó verk að vinna við að fá aðila til formlegs samstarfs og er stefnt á það á næstu misserum.

Fundi slitið um kl. 15:15. Fundargerð ritaði Sigurður Haraldsson.